

Póst- og fjarskiptastofnun
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
B.t. Friðrik Pétursson

Reykjavík, 23. apríl 2014

Efni: Alþjónustuskyldur varðandi aðgang að almenna fjarskiptanetinu

Vísað er til tilkynningar Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) dags. 21. febrúar 2014, þar sem kynnt var umræðuskjal um alþjónustuskyldur varðandi aðgang að almenna fjarskiptanetinu. Kallaði PFS eftir athugasemdum hagsmunaaðila vegna efnis skjalsins og þeim tillögum sem þar voru birtar. Veittur var frestur til 23. apríl til að koma á framfæri athugasemdum.

Með vísan til ofangreinds vill IP fjarskipti ehf., hér eftir nefnt Tal, koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Spurning 1: Tal er efnislega sammála þeim sjónarmiðum sem koma fram í kafla 1.

Spurning 2: Tal er efnislega sammála sjónarmiðum PFS sem lögð verða til grundvallar við val og útnefningu á alþjónustuveitanda. Þá er Tal jafnframt sammála þeirri aðferðafræði PFS að útnefna alþjónustuveitanda eingöngu á þeim svæðum þar sem ekki ríkir samkeppni í heimtauganetinu. Tali er ekki kunnugt um aðrar leiðir sem færar kunna að vera til að tryggja notendum aðgang að almenna fjarskiptanetinu en þær sem gert er grein fyrir í umræðuskjali PFS.

Spurning 3: Í ljósi þess að markaðsaðstæður kunna að breytast, telur Tal að betur kunni að fara að stytta það tímabil sem útnefning alþjónustuveitanda mun vera í gildi, eða til loka ársins 2016, með hugsanlegri framlengingu til tveggja ára í senn, til loka ársins 2020.

Spurningar 4 og 5: Tal tekur ekki afstöðu til þeirra atriða sem spurt er að hér.

Spurning 6: Tal telur þá leið sem lýst er í kafla 5.7.4 vænlegasta kostinn til að stuðla að endurnýjun á aðgangsnétum á svæðum þar sem markaðsbrestur kann að vera til staðar.

Spurning 7: Tal er efnislega sammála þeim skilyrðum sem reifuð eru af PFS en vill ekki tjá sig um önnur skilyrði sem ættu að vera sett vegna umsókna um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu.

Virðingarfyllt,

Petrea Guðmundsdóttir